

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017,
tvöföldun Suðurlandsvegar og aðlögun á landnotkun.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. október 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017 frá 23. maí 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Tvöföldun Suðurlandsvegar og tilfærslu vegarins til suðurs frá neðri Kambabréði austur fyrir Grænumörk. Fern hringtorg falla brott. Í þeirra stað koma fimm undirgöng og tvenn mislæg gatnamót.
2. Lega aðalstíga breytist sem og göngu-, hjóla- og reiðleiða sunnan og norðan Suðurlandsvegar.
3. Mörk íbúðarsvæða Í23-24, Í27 og Í29 breytast og svæðin minnka. Gert er ráð fyrir að mörk íbúðarsvæða Í13, Í16, Í17 og þjónustusvæða P1 og P4 aðlagist samþykktu deiliskipulagi og breytast stærðir svæðanna lítillega. Heildarstærð íbúðarsvæða stækkar úr 108,6 ha í 133,5 ha. Hverfisverndarsvæði H3 minnkar um 2 ha og verður 3,5 ha að stærð.
4. Atvinnusvæði A8 fellur brott. Atvinnusvæði A3-4 og A6 minnka um 3,5 ha og verða 21,9 ha. Atvinnusvæði A2 stækkar úr 4,7 ha í 6,8 ha. Landbúnaðarsvæði L1 stækkar um 0,4 ha og verður 6,4 ha. Opið svæði O13 breytist að hluta í blandaða landnotkun opins svæðis til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði annars vegar og hins vegar í verslunar- og þjónustusvæði. Atvinnu- og þjónustusvæði minnka úr 85 ha í 82 ha.
5. Gert er ráð fyrir nýjum tengivegi milli Vesturmarkar og Breiðumarkar.
6. Sogslína 2 fellur brott vestan Varmár.

Samkvæmt fyrliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. október 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2009